

**5. Félagsmálanefndar haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63,
Patreksfirði, mánudaginn 3. október 2011 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Puríður G. Ingimundardóttir (PGI), Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Elsa Reimarsdóttir,

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, félagsmálastjóri.

Heba Harðardóttir og Elísabet Kjartansdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. 1110003 - Fundargerð fyrri fundar félagsmálanefndar lesin upp.

2. 1110004 - Fundargerðir BSVest lagðar fram.

Vísað til næsta fundar.

3. 1110002 - Félagsleg heimaþjónusta

Umsókn um heimaþjónustu samþykkt.

Ráðið hefur verið í stöðu flokksstjóra í heimaþjónustu í 50% starfi og 10% deildarstjóra.

Ráðinn hefur verið forstöðumaður í Eyrarseli í 50% starf í 8 mánuði á ári. Frekari fyrirspurnir um starf í heimaþjónustu liggja fyrir.

4. 1110001 - Fjárhagsaðstoð

Skráð í trúnaðarbók.

5. 1110005 - 1109056 - Velferðarráðuneytið "Aðgerðaráætlun sveitarfélaga um ofbeldi gegn konum".

618. fundur bæjarráðs

22. september 2011

1109056 - Velferðarráðuneytið "Aðgerðaráætlun sveitarfélaga um ofbeldi gegn konum". Lagt fram bréf frá velferðarráðuneyti um ósk að sveitarfélögin geri aðgerðaráætlun gegn ofbeldi gegn konum. Máli vísað til félagsmálastjóra. Bæjarráð óskar eftir upplýsingum um núverandi aðgerðaráætlanir gegn ofbeldi í Vesturbyggð.

Aðgerðaráætlun um ofbeldi gegn konum er ekki til í sveitarfélögunum.

Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi verður unnin samhliða endurskoðun Jafnréttisáætlunar. Félagsmálastjóra falið að vinna drög að aðgerðaráætlun sem liggja fyrir í lok október.

6. 1110006 - Önnur mál

Jafnréttisáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp. Félagsmálastjóri sendi beiðni um frest til þess að skila inn áætlun sem veittur var til 10. desember 2011. Jafnréttisáætlun Vesturbyggðar verður endurskoðuð og aðlöguð. Nefndarkonur leggja til að Samráðsnefnd taki ákvörðun um hvort vinna skuli sameiginlega Jafnréttisáætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð. Drög að áætlun liggja fyrir í lok október.

Ákveðið að halda fundartíma á mánudögum kl. 9.00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:58.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____